

*I billu*

6.3

Virkjun Svelgsár 480 h.ö.

B2M 2

11. sept. '52  
Lofturi

## MÁLASAFN

442.21 - 5v

Yfirlit:

Gert er ráð fyrir að stífla ána rúnum 1100 m fyrir ofan brúna. Stöðvarstæði yrði á vinstri bakka skammt fyrir ofan brúna og með um 1080 m langri pípu fæst um 40 m fallhæð. (Sjá yfirlitsmynd Fnr. <sup>1699</sup> Log uppdrátt Sigurðar S. Thoroddsen L 112).

Vatnsmagn:

Um virkjun Svelgsár fyrir Stykkishólm var þegar rætt á árunum 1933-34 og nokkuð reglubundnar vatnshæðarmælingar voru framkvæmdar frá þeim tíma til ársloka 1941. Samkvæmt þessum vatnshæðarmælingum hefur minnsta rennsli árinnar verið 720 l/sek og hefur verið það stöðugt frá miðjum febr. til apríl 1936. Á árunum 1939-41 hefur rennslið hinsvegar aðeins einu sinni mælt minna en 1 m<sup>3</sup>/sek eða 920 l/sek, 31. ág. 1941. Ekki er fyllilega hægt að treysta þessum mælingum og sennilegt er, að eitthvað ósamræmi sé á milli fyrri og síðari mælinga.

Í febr. síðastliðinn mældi S. Rist vatnsrennsli árinnar, sem þá reyndist vera 1,6 m<sup>3</sup>/sek. Síðastliðið vor var settur upp vatnshæðarmælir, sem lesið er á reglulega. Eftir þeim mælingum hefur rennsli árinnar á tímabilinu maí-ágúst komið lægst niður í 800 l/sek í júlí en að jafnaði verið um og yfir 1,3 m<sup>3</sup>/sek.

Þar sem staðhættir takmarka stífluhæð verður engin teljandi miðlun í lóni ofan stíflu. Öruggt má telja, að virkja 800 l/sek án þess að búast við teljandi vatnsskorti en þar sem rennsli árinnar mun að jafnaði vera talsvert meira og vegna væntanlegs samstarfs við dieselstöð, þykir rétt að miða virkjun við 1,2 m<sup>3</sup>/sek.

Úrkomusvæði Svelgsár við stíflustæði er um 21,4 km<sup>2</sup> og þar af 6,4 km<sup>2</sup> hraun, sem líklegt er að stuðli að rennslisjöfnum.

Stífla: (Teikn. Fnr. 1697)

Stíflan er alls um 75 m löng, þar af eru um 50 m langar jaröstíflur með steinsteyptum þéttivegg. <sup>'yj stíflunni er 19m langt yfirlall ca. 25m hatt. Efri brún þess er i 57,5m hæð.</sup> Efri brún stíflu er í 58,5 m hæð. Handknúin botnloka er í stíflunni og er stærð hennar 1 x 1,2 m. Inntaksþró er úr járbentri steinsteypu 2,5x7 m, 3 ja m há. Á þrónni eru tvö inntaksop 1,5x1,2 m hvort. Í þeim eru ristar og gert er ráð fyrir að loka megi opnum með plankalokum. Næst inntaksþró er ísrás, 1,0 metra breytt yfirlall í hæð 57,3 m.

Prýstivatnspípur: (Teikn. Fnr. 1699)

Prýstivatnspípan er um 1080 metra löng járngirt trépípa Ø 0,95 m að innanmáli. Hún er öll hulin og lögð í möl. Á pípunni eru 5 beygjur í 16öréttum fleti. Á brekkubrún ofan stöðvarhúss er festipunktur úr steinsteypu.

Orkuver: (Teikn. Fnr. 1692)

Aflstöðvarhúsið er úr steinsteypu 8x10 m með járvörðu timburþaki. Stöðvargölfið er í hæð 19,5 m.

Gert er ráð fyrir einni 480 h.a. francistúrbínu. Túrbínunni fylgir sjálfvirkur gangráður og allur venjulegur útbúnaður.

Á túrbínuásinn er tengdur rafall 400 kVA, 320 kw, 10-11 kv og 50 rið. Allur frágangur gerður á venjulegan hátt.

Afl:

Þar sem yfirfallsbrún stíflu er í 57,5 m hæð, en neðra vatnsborð í ca 18 m hæð, verður fallhæð brúttó 39,5 m. Falltök reiknast alls 2,9 m eða ca 7,35%. Fallhæð nettó verður því 36,6 m.

Afl, miðað við að nýtni túrbínu sé 82%, verður

$$N = \frac{1,2 \cdot 1000 \cdot 36,6 \cdot 0,82}{75} = 480 \text{ h.ö.} = 320 \text{ kw}$$

Kostnaðaráætlun:

Samkvæmt sundurliðuðum kostnaðarreikningi:

Stífla og inntak .....	310.000,- kr.
Pípulína .....	1.810.000,- kr.
Stöðvarhús .....	260.000,- kr.
Kostnaður við vegagerð áætlast .....	<u>50.000,- kr.</u>

Byggingarmannvirki: 2.430.000,- kr.

=====

Verð véla og aðalorkuveitu áætlast:

Vélar og rafbúnaður, uppsett .....	870.000,- kr.
Aðalorkuveita 11 kw á 50 þús, ca .....	<u>550.000,- kr.</u>
	1.420.000,- kr.

Stofnkostnaður alls 2,43 + 1,42 = 3,85 millj.kr.

=====

$$\text{eða } \frac{3,85 \cdot 10^6}{480} = 8000 \text{ kr./h.a.}$$

=====

Gert er ráð fyrir að árlegur kostnaður við virkjunina verði:

Vextir og afskriftir:

5% lán til 20 ára 8% af stofnk. .... 310.000,- kr.

Gæzla og eftirlit:

1 maður á 40 þús. .... 40.000,- kr.

Árlegur kostnaður vegna íbúðarhúss .... 30.000,- kr.

Viðhald ca 1,3% af stofnk. .... 50.000,- kr.

'Ymislegt og ófyrirséð .... 30.000,- kr.

Alls: 400.000,- kr.

=====

Sé reiknað með 4000 stunda árlegum nýtingartíma og gert ráð fyrir 5% í stöðvarkotkun og leiðslutöp, verður verð hverrar

kwst. í spennustöð í Stykkishólmri:

$$\frac{460.000}{\frac{95}{100} \cdot 320 \cdot 4000} = \underline{0,38 \text{ kr./kwst.}}$$

Reykjavík, 11. 9. 1952

Loftur Þorsteinsson